

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Kynning haust-annar. Sigrún Stefánsdóttir. 2. Ítölskukennsla fyrir byrjendur (1). - Buongiorno Italia!
- 17.50 **Keisarinn og næturgalin.** (Storybook Classics). Bandarísk teiknimynd byggð á hinni frægu sögu eftir H. C. Andersen. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Sögumaður Edda Þórarinsdóttir.
- 18.15 **Ruslataunnurkrakkarnir.** (Garbage Pale Kids). Bandarískur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen. Leikraddir Magnús Ólafsson.
- 18.50 **Táknmálfréttir.**
- 18.55 **Yngismær (10)** (Sinha Moa). Nýr brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
- 19.20 **Æskuár Chaplins** (Young Charlie Chaplin). Annar þáttur. Breskur myndaflokkur í sex þáttum. Aðalhlutverk Twiggy, Ian McShane, Joe Geary og Lee Whitlock. Þýðandi Kristmann Eðsson.
- 19.50 **Tommi og Jenni.**
- 20.00 **Fréttir og veður.**
- 20.35 **Á fertugsaldri.** (thirtysomething). Bandarískur myndaflokkur í léttum dúr. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 21.25 **Starar** (Starlings). Bresk sjónvarpsmynd í leikstjórn Davids Wheatley. Aðalhlutverk Michael Maloney, Lynsey Baxter og Derek Newmark. Verkamaður í kekkverksmiðju missir starf sitt og gerist bryti hjá háttsettum manni. Hann ákveður að stefna sjálfur á toppinn og segir enski stéttarskiptingu stríð á hendur. Þýðandi Veturliði Guðnason.
- 23.00 **Ellefurfréttir og dagskrárlok.**



- 15.35 **Bette Midler.** Divine Madness. Kvikmynd sem tekið var af söngkonunni og grínstánum Bette Midler á nokkrum tónleikum sem hún hélt í kringum 1980. Þar sýngur hún nokkur þekkt lög og reytir þess á milli af sér hressilega og tvíraða brandara. Aðalhlutverk: Betty Midler, Jocelyn Brown, Ula Hedwig og Diva Gray.
- 17.05 **Santa Barbara.**
- 17.50 **Heljur himingelsins.** Teiknimynd um hetjuna Garp.
- 18.10 **Bylmingur.**
- 18.40 **Fjölskyldubönd.** Family Ties. Bandarískur gamanmyndaflokkur.
- 19.19 **19:19.** Fréttir og dægurmál.
- 20.30 **Dallas.** Bandarískur framhaldsflokkur.
- 21.25 **Hringlóan.** Umræðuþáttur í beinni útsendingu. Í hverjum þætti verður ein grundvallarspurning tekið fyrir og rædd ofan í kjólinn. Umsjón Helgi Pétursson.
- 22.25 **Dómarinn.** Night Court. Bandarískur gamanmyndaflokkur.
- 22.50 **Fjalakötturinn: Fötin skapa manninn.** Der Letzte Mann. Emil Jannings var á sínum tíma talinn einn besti leikari heims. Hér fer hann með hlutverk hótélvarðar sem er afskaplega stoltur af starfi sínu og þó einkum fallega einkennisbúningnum. Hann spigsporar um hótelið í fina búningnum og nágrannar hans og vinir eru að springa af hrifningu. Aðalhlutverk: Emil Jannings. Leikstjóri: F.W. Murnau.
- 0.05 **Santini hinn mikli.** The Great Santini. Fyrirverandi flugmaður í hernum stjórna heimilinu með heraga og krefst þess af fjölskyldumeðlimum og samstarfsmönnum að þeir hugsi og breyti eftir hans hófi. Aðalhlutverk: Robert Duvall, Blyth Danner, Stan Shaw og Michael O'Keefe.
- 1.55 **Dagskrárlok.**



Rás 1 FM  
92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Sigurður Helgi Guðmundsson flytur.
- 7.00 **Fréttir.**
- 7.03 **Í morgunsárið.** - Randver Þorláksson. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Möður Arnason talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Tónlist.**
- 9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttir.
- 9.30 **Lesið úr forustugreinum landsmálaþiða.**

- 9.45 **Búnaðarþátturinn** - Um starfsemi Bændaskólans á Hólum. Arni Snæbjörnsson ræðir við Jón Bjarnason skólastjóra.
- 10.00 **Fréttir.**
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.30 **Stíklæð á stóru um hlutleysi,** hernám og hververnd. Fyrsti þáttur af átta. Umsjón: Pétur Pétursson. (Einnig útvarpað á miðvikudagskvöld kl. 21.00.)
- 11.00 **Fréttir.**
- 11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá mánuðagsins í Útvarpinu.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkyrningar.
- 12.10 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Möður Arnason flytur.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkyrningar. Tónlist.
- 13.00 **Í dagsins önn** - Ill meðferð á börnum. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
- 13.30 **Miðdegissagan:** Myndir af Fideimann eftir Bernard Malamud. Ingunnur Ásdísardóttir les þýðingu sína (10).
- 14.00 **Fréttir.**
- 14.03 **Á frivaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnr óskálög sjómanna. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 1.00.)
- 15.00 **Fréttir.**
- 15.03 **Gestaspjall.** Umsjón: Halla Guðmundsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudagskvöldi.)
- 16.00 **Fréttir.**
- 16.03 **Dagbókin.**
- 16.08 **Á dagskrá.**
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Barnaútvarpið sér rautt** - Fjallad um naut. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
- 17.00 **Fréttir.**
- 17.03 **Tónlist eftir Carl Nielsen.**
- 18.00 **Fréttir.**
- 18.03 **Að utan.** Fréttapáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
- 18.30 **Tónlist.** Tilkyrningar.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkyrningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkyrningar.**
- 19.32 **Um daginn og veginn.** Þórunn Gestsdóttir ritstjóri talar.
- 20.00 **Litli barnatíminn:** Litil saga um litla kisu eftir Loft Guðmundsson. Sigrún Björnsdóttir byrjar lesturinn.
- 20.15 **Barokktónlist.**
- 21.00 **Aldarbragur.** Umsjón: Helga Guðrún Jónsdóttir. Lesari: Ólafur Haraldsson. (Endurtekinn lokaþáttur frá föstudagsmorgni.)
- 21.30 **Útvarpsagan:** Lukku-Sví eftir Martin Andersen Nexø. Elías Már byrjar lestur þýðingar sinnar.
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.07 **Að utan.** Fréttapáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Skipbrot kommúnismans?** Samantekt um þróun mála í Austur-Evrópu. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
- 23.10 **Kvöldstund í dúr og mól** með Knúti R. Magnússyni.
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**



- 7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauks-son og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
- 8.00 **Morgunfréttir.** - Bibba í málhrein- sun.
- 9.03 **Morgunsýrpa.** Eva Ásrún Al- bertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.03 og afmælskveður kl. 10.30. Bibba í málhrein- sun kl. 10.55 (Endurtekinn úr morgun- útvarpi). Þarfaping með Jó- hönnu Harðardóttir kl. 11.03.
- 12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Umhverfis landið á áttatiu** með Gestu Einari Jónassyni. (Frá Ak- ureyni)
- 14.03 **Hvað er að gerast?** Lisa Páls- dóttir kynnr allt það helsta sem er að gerast í menningu, félags- lífi og fjölmöldum. Milli mála. Arni Magnússon leikur nýju lög- in.
- 15.03 **Stóra spurningin.** Spurninga- keppni vinnustaða, stjórndandi og dómari Flosi Eiríksson.
- 16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Sal- varsson, Þorsteinn J. Vilhjálm- son og Sigurður G. Tómasson. - Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. - Stórmál dagsins á sjötta tímanum.

- 18.03 **Þjóðarsálin og málið.** Ólína Þorvarðardóttir fær þjóðarsálini til liðsinnis í málrækt.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjó- menn og leikur óskálög. (Einnig útvarpað kl. 1.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
- 20.30 **Útvarp unga fólksins** - Teikn- ingarnar koma upp um þig. Við hljóðnemann er Sigríður Arnar- dóttir.
- 21.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Bláur nótur.** Pétur Grétarsson kynnr djass og blús. (Úrvali út- varpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 3.00.)
- 0.10 **Í háttinn.**
- 1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

#### NÆTURÚTVARP

- 1.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjó- mannapáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jak- obsdóttir spjallar við Jóhann G. Jóhannsson tónlistarmann sem velur eftirlætislögin sín. (Endur- tekinn þáttur frá þriðjudegi á Rás 1.)
- 3.00 **Næturónar.**
- 4.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Gleisur.** Úr dægurmálaútvarpi mánuðagsins.
- 4.30 **Veðurfregnir.**
- 4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á Rás 1.)
- 5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flug- samgöngum.
- 5.01 **Á gallabuxum og gúmmískóm.** Leikin lög frá sjötta og sjöunda áratugnum.
- 6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flug- samgöngum.
- 6.01 **Afram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.



- 7.00 **Páll Þorsteinsson.** Morgunþáttur fyrir fólk sem vill fylgjast með því sem er að gerast í þjóðlífinu.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir.** Með róm- antikina á hreinu og ljúfu lögin sem þú vilt heyra.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Gömlu lögin, nýju lögin og allt þar á milli. Óskálög og afmæls- kveður.
- 19.00 **Snjólfur Teitsson.** Þægileg tónlist í klukkustund.
- 20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Íþrótta- deildin kemur við sögu. Talmáls- liðir og tónlist eru á sínum stað hjá Dodda.
- 24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 10, 11, 12, 13 og 14.



- 7.00 **Hörður Arnarson.**
- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
- 11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 13.00 **Hörður Arnarson.**
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
- 17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
- 19.00 **Steinnunn Halldórsdóttir.**
- 22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** 1.00 - 7 Páll Sævar Guðnason.



- 16.00 **MS.**
- 18.00 **FB.**
- 20.00 **MH.**
- 22.00 **MR.**
- 1.00 **Dagskrárlok.**



- 9.00 **Rótartónar.**
- 12.00 **Stjáni stuð.**
- 13.30 **Í hreinskilni sagt.** E.
- 14.30 **Kvennaútvarpið.** E.
- 15.30 **Elds er þörl.** Vinstrisóðalistar. E.
- 16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýs- ingar um félagslífi.
- 17.00 **Búseti.**

- 18.00 **Á mannlegu nótnum.** Flokkur mannsins.
- 19.00 **Bland í poka.** Tónlistarþáttur í umsjá Ólafs Hrafnssonar.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur. Umsjón: Bragi og Þorgeir.
- 21.00 **Frat.** Tónlistarþáttur með Gauta Sigbórssyni.
- 22.00 **Hausaskak.** Pungarokksþáttur í umsjá Hilmars Þórs Guðmunds- sonar.
- 23.30 **Rótardraugar.** Lesnar drauga- sögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt** á la lvar & Sigbór.



- 4.30 **Viðskiptaþáttur.**
- 5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
- 8.30 **Super Password.** Spurninga- þáttur.
- 9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day.** Fréttapáttur.
- 10.30 **A Problem Shared.** Fræðslu- þáttur.
- 11.00 **Another World.** Framhaldsflokk- ur.
- 11.55 **General Hospital.** Framhalds- flokkur.
- 12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuóp- era.
- 13.45 **Loving.**
- 14.15 **Young Doctors.** Framhaldsflokk- ur.
- 15.00 **Poppþáttur.**
- 16.00 **Sky Star Search.** Hæfileika- keppni.
- 17.00 **The New Price is Right.** Spurn- ingaleikur.
- 17.30 **Sale of the Century.** Spurninga- leikur.
- 18.00 **All.** Gamanmyndaflokkur.
- 19.00 **The Last Song.** Kvikmynd
- 21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
- 22.00 **Fréttir.**
- 22.30 **The Untouchables.** Spennu- myndaflokkur.
- 23.30 **Poppþónlist.**



- 13.00 **Silence..**
- 15.00 **Peter-No-Tail.**
- 17.00 **Ernest Goes to Camp.**
- 19.00 **Never Too Young to Die.**
- 21.00 **Angel Heart.**
- 23.00 **Warning Sign.**
- 00.45 **Bad Medicine.**
- 03.00 **Tough Guys.**



- 9.00 **Blak.** Evrópeameistarakeppnin í Svíþjóð. Úrslitakeppnin.
- 11.00 **Hjólreiðar.** The Nissan Classic á Írlandi.
- 12.00 **Kappakstur.** Formula 1 á Spáni.
- 14.00 **Golf.** The Dunhill Cup. Keppni landsliða sem fram fer á St. Andrews í Skotlandi.
- 16.00 **Nútimafimleikar.** Heimsmeist- arakeppni frá Sarajevo, Júgó- slavíu.
- 17.00 **Knattspyrna.** Úrvalsleikir.
- 18.00 **Trampólín.** Evrópukeppni sem fram fer í Kaupmannahöfn.
- 19.00 **Hjólreiðar.** The Nissan Classic á Írlandi.
- 20.00 **Eurosport - What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
- 21.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
- 22.00 **Hnefaleikar.** Frægir keppnir.
- 23.00 **Handknattleikur.** Frá París.



- 14.30 **Tónlist og tiska.**
- 15.30 **Vinsældalistar.**
- 16.30 **On the Air.** Skenntíþáttur.
- 17.30 **Off the Wall.** Tónlist og fréttir úr tónlistarheiminum.
- 18.30 **Time Warp.** Framtíðarþáttur.
- 19.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
- 19.30 **Ferðalag til Japans.** Ferðaþátt- ur.
- 20.00 **The Discovery Zone.** Fræðslu- myndaflokkur.
- 21.00 **Fréttir og veður.**
- 21.10 **Discovery Zone.** Fræðslu- myndaflokkur.
- 22.10 **River Journeys.** Fræðslumynd.
- 23.10 **Fréttir, veður og popptónlist.**

Mánudagur 2. október

Sjónvarp kl. 21.25:

## Starar

- úr verksmiðju í uppalifnað

Blaðaummæli í Bretlandi segja þessa mynd, sem er gerð af BBC, vera hina bestu afþreyingu. Gary vinnur í kek- verksmiðju og er látinn fara. Hann fer þá á námskeið sem hefur það að markmiði að gera þátttakendur hæfa í störf „butlers“. Þegar hann er fullnuma fer hann að þjóna hjá Vernon-hjónunum og verður það honum til framdráttar. Húsbóndinn stundar viðskipti og er hann giftur fráskilinni konu af háum stigum. Bráðlega kemst Gary að því að Vern- on stóð fyrir uppsögn hans í verksmiðjunni. Hann hættir hjá hjónunum og flytur til London. Hann byrjar að búa með Elísabetu, glæsilegri uppastúlku sem reynir að aðlaga Gary að lífnaðarháttum fólks af hærri stigum. Gary tekur borgina með áhlaupi og atburðir þróast á allt annan veg en Elíasabet bjóst við.

-ÓTT


Rás 2 kl. 18.03:

## Of mikið af neikvæðni í Þjóðarsálinni

- segir Stefán Jón Hafstein

„Þjóðarsálin og málið“ er yfirskrift dægurmálaútvarpsins þegar „sálin“ er kölluð til liðs við málrækt. Stjórnendur hafa ákveðið að brydda upp á nýjungum í vetrardag- skránni. Stefán Jón Hafstein segir „að vegna gagnrýni um að of mikið beri á neikvæðni og kvörtunum í fari þjóðarsál- arinnar ætli dægurmálaútvarpið að kalla hlustendur til baráttu fyrir góðum málstað“. Hann segir að málstaðurinn sé íslensk tunga og málrækt. Vikulegur simatími verður helgaður þessu efni. Ólína Þorvarðardóttir verður sérstakur umsjónarmaður Þjóðarsálarinnar næstu mánudaga. Hún verður þá við símann - númerið er 38500.

-ÓTT



Getur einhver ímyndað sér hvernig yfirbragð mannsins væri í einkennisbúningi klósettvarðar?

Stöð 2 kl. 22.50:

## Fötin skapa manninn

Fallegur einkennisbúningur hefur ávallt haft mikil áhrif á fólk. Virðulegur hótélvarðstjóri með heljarmikið yfirvara- skegg hefur mikið að segja fyrir hegómagirnd manna. Emil Jannings, sem eitt sinn var þekktasti leikari hvíta tjalds- ins, leikur einn slíkan í þessari mynd. Hann birtist börnun- um og masandi kerlingunum í hverfinu sínu í þessum glæsi- lega búningi. Allir eru hugfangnir af karli - sérstaklega börnin því hann gefur þeim nammi. Sá gamli er gæfur og hjálpsamur. Einn daginn sér hótélstjórinn hann rogam með koffort fyrir gesti. Það þykir ekki hæfa varðstjórnum og er hann færður til í starfi - inn á snyrtingu í hvítan jakka klósettvarðarins. Þá breytist ímynd mannsins. Hann verður ekki lengur spennandi. Þetta er allt annar maður. Hann er vart virtur viðlíts lengur og er niðurlægður. En gæfan á eftir að brosa aftur við þeim gamla.

-ÓTT